

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 14% frá 1. nóvember 1984 að telja frá því sem þær voru í október s. l.

Barnalífeyrir, mæðra- og feðralaun skulu þó hækka um 17%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 50 og kr. 100 fyrir hverja afgreiðslu.